

# Æimhævi

## Blad Framsóknarmanna í Siglufirði

VI. árgangur

Siglufirði, fimmtudaginn 4. febrúar 1937

3. tölublað

### Skólarnir í bænum.

Einherja langaði til að færa bæjarbúum fréttir af skólunum þremur: Barnaskólanum, Gagnfræðaskólanum og Iðnskólanum og hefir því snúið sér til skólastjórnanna og beðið þá um ýmsar upplýsingar. Verður hér skýrt frá því helzta, sem af hverjum skólanna er að segja:

#### Barnaskólinn.

Barnaskólann sækja í vetur 318 börn. Skiftast þau í 13 deildir alls. Kennslan hefst kl. 9 að morgni og er að mestu lokið kl. 4 síðd. að undanskilinni leikfimi er stendur til kl. 6.

Heilsufar barnanna hefir yfirleitt verið gott, þó fáein börn hafi fengið einhverja kvilla, og við skóla-skóðun í haust taldi skólalæknir börnin óvenjulega hraustleg og vel útlitandi. Starf skólahjúkrunarkonunnar virðist bera góðan árangur.

Lýsi og brauð hafa börnin fengið eins og í fyrri. Mjólkurgjafir eru nú að hefjast fyrir 50—60 börn, er að dómi læknis þurfa þeirra helst við.

Í vetur starfa þrjú nýir kennarar við skólann: hr. Skeggi Ásbjarnarson, frú Ólöf Blöndal og frk. Nanna Þormóðs.

Í ráði er að börnin efni bráðlega til skemmtunar og æfa þau nú í því skyni sjónleik með söng og dansi og samlestur. Ágóðinn rennur í ferðasjóð eins og áður.

Lesbókasafn skólans smávex. Það á nú 30 lesflokka með 20—30 einstökum. Hafa nú til ársloka alls verið keyptar bækur í lesbókasafnið fyrir kr. 1755,50. Gerir lesbókasafnið hvortveggja að auka fjölbreytni lesefnis og menningargildi, og spara heimilunum fjárútlát til lesbókakaupa. Er stefnt að því að auka bókaaval skólans sem mest og

til þess ætlast að eldri deildirnar sérstaklega hafi afnot bókasafnsins í frístundunum undir umsjón og eftirliti kennaranna.

#### Gagnfræðaskólinn.

Í Gagnfræðaskólanum hafa í vetur verið alls 59 nemendur.

Í fyrsta bekk eru 28  
öðrum — — 17

Í framhaldsdeild voru alls 13 nemendur, en þar af eru 2 aðeins í tveim námsgr. og tveir hættu um áramót. Fór annar þá í Samvinnuskólann, en hinn fékk atvinnu í bænum.

Hannavinnukennsla hefir nú að nýju verið tekin upp í skólanum fyrir stúlkur — og að því er virðist með ágætum árangri — og að því verður unnið að koma henni einnig á fyrir pilt, svo fljótt sem unnt er.

Nýlega var stofnað taffélag með rúml. 20 félögum í skólanum og sömuleiðis var endurreist Skólafélag Gagnfræðaskólans með samþykki alls þorra nemenda. Bindindisfélag hefir og starfað í vetur.

Það bindindisfélag er með nokkrum öðrum hætti en almennt í skólum. Í því félagi geta allir verið, sem stundað hafa nám við unglinga- og gagnfræðaskólann, ennfremur kennarar sömu skóla.

Nefnd úr Bindindisfélagi Gagnfræðaskólans safnaði á síðastl. ári kr. 253,00 og gaf skólanum til bóka-kaupa. Hefir því skólinn eignast vísi til bókasafns. Meðal þeirra bóka, sem skólinn hefir nú þegar eignast, eru t. d. allar Íslendinga-sögurnar. Í ráði er að halda opinbera skemmtun einhverntíma í vetur. Væntanlegur ágóði þeirrar skemmtunar á að renna í Bókasjóð skólans. Er vonandi, að bæjarbúar

sæki þá skemmtun vel og styrki Bókasjóðinn með því, eða á einhvern annan hátt, t. d. með bóka-gjöfum.

1. febrúar voru haldnar 4. ræður í skólanum (tveir kennarar og tveir nemendur), um áfengisnautn og afleiðingar hennar.

Í haust var norræna dagsins minnst með smá erindi, upplestri úr norrænum bókmenntum og söng. Nemendur lásu upp og sungu alla þjóðsöngva Norðurlanda.

#### Iðnskólinn.

Síðastl. haust var settur á stofn iðnskóli hér í Siglufirði. Voru það iðnaðarmenn hér á staðnum, sem komu skólanum á fót. Skólinn tók til starfa 1. nóv. Skólastjórn annast cand. theol. Jóhann Jóhannsson, kennari við Gagnfræðaskólann. — Skólinn starfar í tveim deildum. Reglulegir nemendur í 1. bekk eru 8, en í 2. bekk eru 11. Auk þess sækja 13 nemendur tíma í skólanum í einstökum námsgreinum. — Skólinn hefir húsnæði í Barnaskólanum. Kennsla stendur yfir frá 5—8 daglega. Er slíkt hentugur tími þeim, sem aflla vilja sér nokkurrar þekkingar í einstökum námsgreinum, en hafa hinsvegar ekki tækifæri til að sækja aðra skóla. Auk hinnar daglegu kennslu hafa verið fluttir fyrirlestrar í skólanum, A. Schiöth lytsali flutti fyrirlestra um efnafræði einu sinni í viku frá því snemma í nóvember og fram undir jól. Þá hefir Ásgeir Bjarnarson, rafvirki, flutt fyrirlestra í rafmagnsfræði tvisvar í viku frá áramótum. Skólinn starfar í 5 eða 5½ mánuð.

Ýmsa örðugleika er við að stríða á þessu 1. ári skólans, t. d. er það mjög erfitt að veita nemendum þá þá tilsögn er þeir þarfnast, þar sem skólinn starfar aðeins í tveimur deildum. En vegna ýmissa örðug-

leika var ekki hægt að hafa deildirnar fleiri þennan fyrsta vetur. En úrræði vaxa með ári hverju, og vonandi verður hægt að sigrast á þessum örðugleikum í náinni framtíð. Mun vera mikill áhugi fyrir því meðal iðnaðarmanna, að láta þess ekki verða langt að bíða, að skólinn eignist sitt eigið hús, búið þeim þægindum, sem nútíminn heimtar.

J. F. G.,  
Cæsar,  
Kristur.

Í síðasta töl. „Neista“ er löng fyrirsögn fyrir grein, er fjallar um þingmálafund þann, sem haldinn var hér nýlega. Í fyrirsögn þessari er talað um fylgistap Framsóknarflokksins, sem fyrirsagnarhöfundur kallar Þormóðsklíku, og Sjálfstæðisflokksins. Segir höfundur að fyrirsjáanlegt sé fall þessarar Herodesar og Pilatusarsambærðslu við næstu bæjarstjórnarkosningar.

Það er hálfáman að þessum nöfnum, sem höf. velur foringjum andstöðuflokka sinna. En tilgangurinn með þessu nafnavali er augljós. Þeir Heródes og Pilatus eru aðallega kunnir fyrir afskipti sín af Kristi. Það er því auðséð, að höf. ætlast til að foringja jafnaðarmanna hér sé lík við Krist. Þegar betur er athugað er ekkert athugavert við þetta. Jóhann F. Guðmundsson hefir að þessu verið á oddinum fyrir jafnaðarmenn hér, hann er kosinn í bæjarstjórn sem þeirra beztu maður og hann mun hafa verið álitinn, að minnsta kosti af honum sjálfum, foringi þeirra. Þessi maður, Jóhann F. Guðmundsson,